

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð umráðamanna búfjárins í samræmi við ákvæði laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Sveitarstjórn í samráði við atvinnu- og umhverfisnefnd og fjallskilanefnd Eyjafjarðarsveitar, fer með eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar.

2. gr.

Með búfé í samþykkt þessari visast til 2. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald.

3. gr.

Allt búfjárhald á lögbýlum er háð eftirliti Matvælastofnunar.

Búfjárhald er háð leyfi sveitarstjórnar sem sótt skal um skriflega til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar á þar til gerðu eyðublaði.

Óheimilt er að halda búfé, nema hafa fyrir það hús sem samrýmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitoland og fóður fyrir allt sitt búfé og skal tryggja góða meðferð þess.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum, veitir hún leyfið. Leyfið skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

Umráðamönnum búfjár í Eyjafjarðarsveit er skylt að skila haustskýrslu með rafrænum hætti í Bústofn eigi síðar en 20. nóvember hvert ár, sbr. 10. gr. laga nr. 38/2013.

Þeir sem halda búfé í Eyjafjarðarsveit samkvæmt búfjárestirlitsskýrslum við gildistöku samþykktar þessarar hafa leyfi til búfjárhalds í Eyjafjarðarsveit við gildistöku samþykktarinnar.

4. gr.

Vörsluskylda er á öllu búfé neðan fjallsgirðinga allt árið og er búfjárhaldið neðan fjallsgirðinganna að öllu leyti á ábyrgð umráðamanns búfjárins. Umráðamaður búfjár skal ábyrgjast að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis og gangi ekki laust utan þess, sbr. 5. gr. laga nr. 38/2013.

Vörsluhólf skulu afmörkuð með gripheldum girðingum, sbr. reglugerð nr. 748/2002, um girðingar, svo og náttúrulegum farartálmum sem koma í veg fyrir frjálsta för búfjár og ber umráðamaður búfjárins ábyrgð á að það sé gert.

Umráðamaður lands annars vegar og eigendur/notendur sameiginlegs beitolands hins vegar skulu sjá til þess að fjallsgirðingar/samgirðingar milli sameiginlegs beitolands og heimalands séu gripheldar frá 10. júní til 10. janúar, sbr. einnig 2. mgr. 11. gr. girðingarlaga nr. 135/2001.

Vanræki framangreindir aðilar skyldu til að halda girðingum gripheldum þrátt fyrir áskoranir er sveitarfélaginu heimilt að lagfæra girðingarnar á kostnað viðkomandi, sbr. 7. gr. fjallskilasamþykktar fyrir

sveitarfélög við Eyjafjörð, nr. 173/2011.

5. gr.

Umráðamaður lands ofan fjallsgirðingar skal gæta þess að beitarálag á land sem hann hefur umráð yfir sé ekki meira en land þolir, sbr. III. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og 9. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, nr. 173/2011.

Nýti umráðamaður ekki að fullu land það sem hann hefur fyrir eigið búfé er honum heimilt að leyfa öðrum afnot af því að því marki sem beitarþol leyfir. Ef um óskipt land er að ræða verða sameigendur einnig að veita leyfi fyrir slíkri heimild. Umráðamanni lands ber að tilkynna til sveitarstjórnar hverjum hann heimilar beit og fyrir hvaða fjölda búfjár, sbr. 8. gr. laga nr. 6/1986, sbr. einnig ákvæði í 7. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, nr. 173/2011.

Sleppa skal búfé á það svæði sem heimild til þess gildir um.

6. gr.

Beitartímabil búfjár á sameiginlegu beitolandi fyrir:

- a. sauðfé, hefst 10. júní ár hvert og lýkur við 1. göngur í september,
- b. nautgripi, hefst 20. júní ár hvert og lýkur fyrir 1. september,
- c. hross, hefst 20. júní ár hvert en lýkur fyrir 10. janúar á komandi ári.

Sveitarstjórn getur breytt tímasetningum 6. gr. um lok beitartíma og hvenær reka megi búfé á sameiginlegt beitoland, sbr. 11. gr. í fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, nr. 173/2011.

Umráðamaður búfjár, sem ekki er haldið heima í gripheldum girðingum, skal sjá til þess að búfenaður sé rekinn á fjall í afrétti og sameiginleg beitarlönd eigi síðar en tveimur vikum eftir að það er heimilt.

Nú er búfé ekki rekið á fjall og skal umráðamaður þá tilkynna það til sveitarfélagsins og jafnframt tryggja öruggar vörslur þess í heimalandi með gripheldum girðingum enda gildir þá um búféð vörsluskýlda skv. 4. gr. samþykktar þessarar.

Við álagningu fjallskila, sbr. 9. gr. samþykktar þessarar og fjallskilasamþykkt, skal taka tillit til fjölda búfjár sem haldið er í heimahögum.

7. gr.

Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum samkvæmt reglugerð nr. 200/1998, um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, og reglugerð nr. 916/2021, um merkingar búfjár.

8. gr.

Um fjallskil gilda ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, nr. 173/2011, sbr. m.a. ákvæði V. kafla fjallskilasamþykktarinnar. Fjallskilanevnd Eyjafjarðarsveitar leggur á fjallskil í samræmi við lög, stjórnvaldsreglur og þær verklagsreglur sem á hverjum tíma gilda um álagningu dagsverka og/eða fjallskilagjald og á það jafnt við um smölun stórgripa og sauðfjár.

9. gr.

Nú rís ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun sameiginlegs beilands og má þá vísa málinu til umfjöllunar sveitarstjórnar. Skal þá ef sveitarstjórn tekst ekki að miðla málum vísa ágreiningnum til sýslumanns er úrskurðar málið, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 6/1986. Um ágang búfjár skal fara eftir ákvæðum fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, nr. 173/2011, og IV. kafla laga nr. 6/1986.

10. gr.

Sveitarstjórn getur veitt leyfi til að halda allt að 10 hænur í öruggu aðhaldi á hverri lóð í íbúðarbyggð, en hanar eru þar með öllu bannaðir. Sá sem vill stunda hænsnahald í íbúðarbyggð skal senda skriflega umsókn til sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda hænsna sem halda skal, tegund hænsnfugla, hvaða húsnæði er til umráða og öðru sem máli kann að skipta fyrir öryggi þeirra og vörslu.

Sveitarstjóri tekur við og afgreiðir umsóknir um leyfi til hænsnahalds í íbúðarbyggð.

Forstöðumaður eignasjóðs hefur umboð til að taka á brotum, kanna aðstöðu og krefjast úrbóta ef þörf þykir. Verði leyfishafi ekki við þeim kröfum má afturkalla leyfið án fyrirvara.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, eða lögum og stjórnvaldsreglum sem settar eru með heimild í þeim, varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 38/2013, um búfjárhald.

Ef leyfishafi brýtur gegn samþykkt þessari, lögum nr. 38/2013 eða viðeigandi stjórnvaldsreglum, getur sveitarstjórn afturkallað leyfi viðkomandi til búfjárhalds í lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsveitar, að undangenginni viðvörðun og tilkynningu um afturköllun leyfis.

12. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald, og öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundir sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, 6. nóvember 2025.

Finnur Yngvi Kristinsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 2. febrúar 2026